

Sæl Jóhanna Sigurðardóttir,

Ég undirrituð sendi þér bréf þann 17. des. s.l. þar sem ég bið þig um að bjarga hjúkrunarheimilinu Seli á Akureyri en því miður hefur þú ekki séð þér fært á að svara því, e.t.v. sökum anna.

Í ummælum þínum á Alþingi hefur þú margoft sagt og barið í borðið að aldraðir og öryrkjar væru í fyrirrúmi og ekki yrði skorið niður í þínu ráðuneyti varðandi þá.

En nú spyr ég: Á þetta bara við aldraða og öryrkja í Reykjavík? Hvernig er með landsbyggðina s.s. Akureyri?

Á Akureyri stendur nú fyrir dyrum að loka öldrunarheimilinu Seli og flytja vistmennina á Kristnesspítala í Eyjafirði svona eins og hreppsómaga sem hvergi er pláss fyrir og enginn vill hafa og ekki fá vistmenn sérherbergi eins og þeir hafa nú á Seli með sínum persónulegu munum, nei í fjölbýli skulu þeir fara og það finnst okkur aðstandendum algjörlega ólíðandi.

Sjórn FSA telur sig vera að spara X upphæð með því að loka Seli, og ég spyr Jóhanna: Má ekki lækka laun þeirra eins og annara stjórnenda?

Og enn spyr ég: Hvað hafa vistmenn Seli sér til saka unnið að það sé svona komið fram við þá?

Ég veit að Akureyrarbær bauðst til að taka yfir reksturinn á Seli og leggja fram X upphæð en með nýju fjárukalögunum fóruð þið fram á að sú upphæð yrði tvöfölduð og því miður þá ræður bærinn ekki við það en á sama tíma er Reykjavíkurborg að taka yfir samskonar rekstur og fær til þess fjárframlög frá ykkur.

Þetta tel ég mismunun á aðstöðu aldraðra og það er til háborinnar skammar.

Kæra Jóhanna ég sendi þér þetta sem opið bréf í þeirri von um að það verði bæði birt og að um það verði fjallað, ennfremur fer ég þess á leit að þú sjáir þér fært að svara mér og jafnframt að vistmenn á Seli fái að vera þar áfram óáreyttir.

Með vinsemd og virðingu

Sólrún Stefanía Benjamínsdóttir  
aðstandandi vistmanns á Seli